

SAMFÉLAGSFRÆÐI

KENNSLUYFIRLIT 2022-2023

Bekkur: 3. MN

Kennarar: Magnea Þ.Íngvarsdóttir, Natalia Mikhaylova.

Kennsluhættir:

3 kennslustundir á viku. Umræður, innlögn, hópavinna, paravinna og tjáning.

Námsþættir:

Unnið er með gildi jákvæðrar hugsunar, að orð og athafnir hafa afleiðingar. Unnið er með virðingu og gildi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Að geta sett sig í spor jafnaldra. Að nemendur geti tekið þátt í samstarfi og samræði í jafningjahópi. Að geta sýnt virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra. Að nemandi geti sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu.

Nemendur kanna sitt nánasta umhverfi og vinna með áttir og geti gert einföld verkefni sem reyna meðal annars á kortalestur, lestur á myndritum, skilningi á áttum, hnitum og mælingum.

Námsmat:

leiðsagnarnám, einstaklingsverkefni, hópverkefni og kannanir.

Námsefni:

Könnum kortin 2
Viltu vera memm
Gula sendibréfið
Fast 112

Kostuleg kort og gröf
Góða ferð
Jólasaga auk efnis frá kennara.
Ýmislegt efni af vef

| Tímabil | Námsþættir | Orðaforði | Leiðir | Hæfniviðmið | Námsmat |
|-------------|---|--|--|--|---------------|
| 23.08-03.06 | Reynsluheimur Könnum kortin Viltu vera memm Góða ferð Gula sendibréfið Jólasaga auk efnis frá kennara. Ýmislegt efni af vef | Landakort, götukort,áttaviti,norður,suður, vestur,austur Skólabyrjun, dagatal,mánúðir,ár. Nesti, nauðsynjar, verslunarmiðstöð,pós thús, banki, Hringvegurinn, vegalengdir, kortalykil, Veður , veðurkort, heiðskírt, alskýjað. | Innlögn, hópavinna, paravinna og tjáning. Lestur og umræða. Orðskýringar | Rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi. Gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa. Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra. Áttað sig á að trúar-og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum,siðum og venjum. Sagt deili á nokkrum frásögnum,helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu. | leiðsagnarmat |

| | | | | | |
|-------------|--|---|--|--|---------------|
| 23.08-03.06 | <p>Hugarheimur</p> <p>Viltu vera memm Góða ferð Gula sendibréfið Ýmislegt efni af vef FAST-112</p> | <p>Fyrirmyndir, ofurhetjur, hetja.</p> <p>Sjálfstraust, samkennd, samgleiðjast, einelti,samvinna.</p> | <p>Innlögn, hópavinna, paravinna og tjáning.</p> <p>Lestur og umræða. Orðskýringar</p> | <p>Bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann.</p> <p>Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.</p> <p>Sett sig í spor jafnaldra.</p> | Leiðsagnarmat |
| 23.08-03.06 | <p>Félagsheimur</p> <p>Viltu vera memm</p> | <p>Skólareglur</p> <p>Mistök</p> <p>Kurteisi</p> <p>Fyrirgefning</p> <p>Tillitsemi</p> <p>umhyggja</p> | <p>Innlögn, hópavinna, paravinna og tjáning.</p> <p>Lestur og umræða. Orðskýringar</p> | <p>Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.</p> <p>Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna.</p> <p>Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks,skráðar og óskráðar,og nefnt dæmi um slíkar reglur.</p> <p>Sýnt tillitsemi og umhyggju í leik og starfi.</p> | Leiðsagnarmat |